

Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu Talning framkvæmd: 18.03.2019	Álftatalning í Lóni	Ingunn Ósk Grétarsdóttir AUUM1AU05
--	--------------------------------	---

Tilgangur:

Meginmarkmiðið með þessari ferð var að telja álftir í Lónsfirði en það hefur verið gert um árabíl. Rusl var einnig týnt og urðunarsvæði Hornafjarðar skoðað.

Efni/áhöld:

Margs konar áhöld voru notuð en þau eru eftirtalin: sjónauki, hanskar, teleskóp, ruslapokar, klemmuspjöld og glósubækur.



Mynd 1 - Hópurinn sem fór í talninguna.

Lýsing:

Mánudagsmorguninn 18. mars klukkan átta, héldu af stað átta nemendur ásamt kennara, starfsmanni Náttúrustofu Suðausturlands og sérlegum fuglatalningarmanni upp í Lón þar sem tilgangurinn var að telja álftir líkt og undanfarin ár. Veður var fremur rakt en kuldi var ekki mikill. Ferðin hófst á því að keyrt var að Hvalnesi þar sem fyrsti talningarstaðurinn var. Þar var staldrað við í nokkurn tíma en ritarar byrjuðu á því að skrá niður veður og skilyrði til talningar. Himninum

var skipt upp í átta hluta en hópurinn mat að 7/8 hluta af himninum væri þakinn skýjum en hitastig var 4°C. Eftir það hófst álfatalningin. Það fannst einnig rusl á svæðinu og var það tínt upp til þess að greina það og flokka síðar meir. Eftir að talningu var lokið var haldið af stað að talningarstaði tvö sem var við útsýnispall. Þar tók við sama ferli, álfirnar voru taldar og svo var gengið meðfram strandlengjunni og rusl týnt. Gengið var um það bil kílómeter þar til komið var að risavöxnum steinum þar sem hópurinn settist niður og fékk að heyra sögu um tilkomu þessara steina. Þegar því var lokið var hópurinn sóttur til þess að fara á þriðja en jafnframt síðasta talningarstaðinn við Svínhóla. Þar var lokahönd lögð á talninguna og klárað að skrá allt niður.

Eftir það fór hópurinn aftur í rútna. Ferðinni var ekki heitið strax heim, heldur var haldið að urðunarsvæði Hafnarbúa þar sem að stoppað var. Þar fór hópurinn úr rútnunni og gekk um svæðið í stutta stund. Kennarinn fræddi nemendur um hvernig ruslið væri urðað en einnig var farið að sérstökum ruslahaug fyrir úrgang úr sláturhúsinu. Eftir að því var lokið var farið aftur í rútna og keyrt var þar sem að leið lá aftur í FAS.

Í tímanum daginn eftir var ruslið tekið fram til þess að vigta það og eins til þess að finna út hversu mörg prósent af ruslinu var plast. Það mun koma fram í niðurstöðukaflanum hvernig farið var að því til þess að reikna það út.

Niðurstöður:

Rusl

Greinilegt er að það er mikið magn af rusli sem finnst á og við talningarstaði. Ruslið sem hópurinn fann vóg 10,542 kg. Gengnir voru 1250 metrar þannig hægt var að reikna út að það eru 8,43 kg/km af rusli.

Það reiknast svona:

$$1250/5=250$$

$$250*4=1000$$

$$10,542/5=2,108$$

$$2,108*4=8,43 \text{ kg/km}$$

Af ruslinu vóg plast: 8,292kg

Annað rusl var: 2,250kg

Hægt er að reikna út hversu stór prósentu af heildarruslinu er plast:


$$8,43/10,542*100=84,69\%$$

Álftatalning

Í heildina voru álfir í ár 1018 talsins sem eru svipaðar tölur og í fyrra en þá voru þær 1713. Á talningarstað 1 við Hvalnes sáust einungis 10 álfir en oft hafa miklu fleiri álfir verið við þann stað. Taldar voru 450 álfir við talningarstað 2 eða útsýnispallinn. Það er einnig færri en hefur oft áður verið. Flestar álfirnar fundust við Svínhóla þar sem að talningarstaður 3 er. Þar voru álfir 558 sem er svipað og oft áður. Af töflu 1 má draga þá ályktun að því fyrr á árinu sem talningin er framkvæmd, því færri fuglar eru. Álfirnar virðast koma flestar um eða eftir 20. mars. Fæstar álfirnar fundust á talningarstaði 1 sem er í samræmi við undanfarin ár. Flestar álfirnar voru við Svínhóla en breytilegt er hvar flestar álfirnar eru. Þær er ýmist að finna við Svínhóla eða útsýnispallinn.

Ár	Dagsetning	Staður 1	Staður 2	Staður 3	Vík - tún	Alls	Veður (vindur, hiti, ský)
2010	Engin	dagsetning	né fjöldi á	sérstökum	stöðum	5000	
2011	31. mars		4590	2300		6890	
2012	18. apríl	0	5572	294		5866	
2013	11. apríl	1217	180	471	464	2332	
2014		Engar	talningar	þetta	árið		
2015	21. apríl	267	4852	267		5386	
2016	16. mars	174	38	767		979	
2017	4. apríl	291	3352	478		4121	SV11 - 4°C 1/8
2018	21. mars	0	1501	212		1713	NA3 - 4°C 1/8
2019	18. mars	10	450	558		1018	N2 - 4°C 7/8

Tafla 1 - niðurstöður álftatalningar



Súlurit 1 - niðurstöður álftatalningar

Samantekt/túlkun:

Í niðurstöðukaflanum var sagt frá samræmi milli dagsetningar talningar og fjölda fugla sem er mjög áhugavert. Svo virðist vera sem álftin komi ekki til landsins fyrr en farið er að vora.

Það kom mér á óvart hversu þungt ruslið sem við týndum var. Ég bjóst alveg við því að við myndum finna rusl en samt ekki svona mikið af því. Mjög stór hluti af ruslinu var plast og mikið af því var orðið að litlum bútum sem voru á góðri leið með að breytast í örplast. Við tókum eftir því að á sumum stöðum hefur ísinn sem kemur af sjónum ýtt landinu upp og myndað nokkurs konar garða eða ruðninga. Það kom sér vel fyrir hópinn að hafa farið í fuglatalningar fyrr á önninni þar sem að sama ferli fór af stað í álftatalningunni, veðurfar var athugað og sjónauka var komið fyrir og álftirnar taldar.

Eins og áður kom fram fór hópurinn að skoða urðunarsvæði Hafnarbúa og var það mjög fróðleg heimsókn. Þegar við stigum út úr rútunni blasti við okkur stór haugur sem var mestmegnis úr plasti. Mér fannst virkilega sorglegt að það ætti að fara að urða það. Það er greinilegt að íbúar sveitarfélagsins þurfa allir sem einn að taka sig á í hvað varðar flokkun og rusl. Þetta svæði á ekki mörg ár eftir og það verður erfitt að finna nýtt svæði sem þolir svona mikið álag og umrót. Þess vegna vona ég að eitthvað verði gert sem fyrst.



Mynd 2 - Plasthaugurinn sem hópurinn sá.

Skýrslu lokið 31.03.2019

Ingunn Ósk Grétarsdóttir

Samantekt um álfina

Cygnus cygnus er fræðilega heitið yfir fugl sem í daglegur tali kallst álf eða svanur. Álfín getur vegið allt upp í 10 kíló en hún er stærsti varpfuglinn héraendis. Lengd hennar getur verið frá 145 sentimetrum til 160 sentimetra. Hið gríðarmikla vænghaf hennar er 218–243 sentimetrar. Komið hefur fyrir að álfín berji ýmis konar dýr til bana með vængjum sínum ef að hætta steðjar að henni eða afkvæmum. Álfín dregur nafn sitt af latneska orðina albus sem þýðir hvítur en það er ekki nema von þar sem að álfín er alhvít. Goggur hennar er að mestu svartur að lit hefur þó appelsínugula eða gula rót. Lappir og augu eru kolsvört. Álfín gefur frá sér einstaklega leiðinlegt kvak, en þeir sem vel þekkja til trúblásturshljóðfæra geta ímyndað sér saxófónleikara með ónýtt blað, svo ljótt er hljóðið sem frá álfínni kemur.

Það helsta sem skilur kven- og karlfuglinn að er það að karlfuglinn er bæði þyngri og stærri. Álfín hefur langan háls sem er lóðréttur þegar hún syndir en á flugi er hann láréttur. Búkur álfarinnar er tiltölulega beinn og hallar stéllið aftur þegar hún syndir. Vængjatök hennar eru sterkleg en samt hæg og flýgur hún hratt og kröftulega. Áður en hún hefur flug hleypur hún eftir vatninu. Ungar álfarinnar eru nokkurs konar ljósgrábrúnir að lit en goggurinn þeirra hefur svartan odd með ljósrauðri rót. Álfín getur orðið mjög gömul en þær elstu ná allt að 30 ára aldri.

Álfín heldur sig aðallega í votlendi eða á tjörnum og vötnum og lifir hún að mestu á alls kyns vatnagróðri eins og til dæmis nykri og mara enda er hún grasbítur. Ástæðan fyrir því að álfín safnast fyrir á grunn sjávarlón er sú að þá geta þær náð til botns með því að kafa en þar er mikið æti að finna. Helsta fæðan þeirra á sjávarlónum eru grænþörungar, lónajurt og marhálmur. Hún lætur sér það ekki bara nægja að éta úr sjávarlónum, heldur étur hún einnig á grunnsævi og af túnnum. Í gegnum tíðina hefur álfín plagað margan bóndann vegna ágangs hennar á tún en komið hefur fyrir að hún hafi nánast eyðilagt uppskerur. Álfín ræðst gjarnan inn í kartöflugarða þar sem hún traðkar niður kál og reitir upp kartöflur bara til þess að éta helminginn af þeim. Illa hefur gengið að flæma hana á brott en bannað er að skjóta álfina þar sem að hún er friðuð. Að mestu leyti er álfín farfugl. Þær sem eru hér eftir á veturna er aðallega að finna á Mývatni, Suðurlandi og Suðvesturlandi. Hinar fara til Bretlandseyja en á vordögum koma þær til landsins, nánar tiltekið á suðausturhornið.

Hreiður álfarinnar er frekar stórt en hún verpir allt frá tveimur til sex eggja í senn. Hreiðrið er dyngja úr alls konar gróðri sem álfín reytir en það er svo fóðrað með dúni. Álfín liggur á hreiðrinu

í 34-35 daga eftir að hún hefur orpið. Ef að álftin finnur gott hreiðurstæði notar hún það í mörg ár í röð.

Síðla sumars fellir álftin flugfjaðrirnar sem verður til þess að hún getur ekki flogið um skeið. Þá er talað um að álftin sé í sárum. Stofninn er stór og hann er ekki talinn vera í mikilli útrýmingarhættu en hann hefur vaxið jafnt og þétt í nærri 30 ár. Á haustin er talið að 34.000 fulgar haldi til hér á landi en varppörin eru 6000 talsins. Það eru einungis 5% af fuglum sem verða eftir á veturna.

Svanurinn þekkist ekki bara hér á landi, en hann er almennt talinn vera fallegur fugl. Svanurinn er til dæmis ríkisfugl Danmerkur og tónskáldið vinsæla Pyotr Ilyich Tchaikovsky samdi meðal annars balletinn Svanavatnið sem flestir þekkja og hafa verið gerðar bíómyndir eftir.



Heimildaskrá

Menntamálastofnun, Fuglavefurinn. (e.d.). Sótt 31. mars 2019 af:

<https://fuglavefur.is/birdinfo.php?val=1&id=29>

Náttúrufræðistofnun Íslands. (október 2018). Sótt 31. mars 2019 af:

<https://www.ni.is/biota/animalia/chordata/aves/anseriformes/alft-cygnus-cygnus>

Náttúruminjasafn Íslands. (3. mars 2015). Álftin. Sótt 31. mars 2019 af:

http://nmsi.is/fugl_manadarins/alftin/

Wikipedia. (23. ágúst 2018). Álft. Sótt 31. mars 2019 af:

<https://is.wikipedia.org/wiki/%C3%811ft>